Ólafur Pálsson verkfræðingur:

Samviskuspurning til dr. Þorsteins Sæmundssonar

heiðursmenn sem hafa valist til þessa starfs, hafa vafalaust haft mismunandi skoðanir á herstöðvamálunum sem öðrum, en þeir hafa gætt þess vandlega bæði í ræðu og riti að leiða þetta ágreiningsmál hjá sér, heldur hafa þeir fjallað um þau mál sem einhugur er um meðal þjóðarinnar. Ég er þess fullviss að næsti þjóðhöfðingi hver sem hann verður fer hina sömu slóð.

Grein þín olli mér sannarlega vonbrigðum og er ástæðan til að ég beini nokkrum orðum til þín. Líklega hefur þú útvegað Vigdísi ódýrt far frá Keflavík beint inn í forsetabústaðinn.

Þessi grein þín er ekki skrifuð í neinni skyndingu, heimilda er leitað víða og allir sem við ritstörf hafa starfað vita hver geysilegur tími fer í að afla heimilda. Þú ferð lengst 19 ár aftur í tímann og sérð þar að Vigdís hefur þá ávarpað göngu hernámsandstæðinga, ekki meir um það, en svo tekur þú hrafl úr ræðu Páls Bergþórssonar hald-

Örðsins list

Fimmtudaginn 27. marz birti dagblaðið Vísir viðtal við einn af framkvæmdastjórum Vigdísar Finnbogadóttur forsetaframbjóðanda. Til fróðleiksfúsra skal þess getið, að viðtal þetta er á síðum blaðsins, hvorki meira né minna en heilar 3 opnur! Lýsir Vigdís því, hvaða augum hún lítur forsetaembættið og hvernig hún ætli að sinna því.

„Ég held að forsetinn hljóti að vera nk. sjónglerið þeirrar manneskju sem þjóðin leitar að hverju sinni — annað veit ekki hlutverkinu sæmir sig best."

Margur kjósandinn mundi efalaust geta sætt sig við það að fá fallega kveðju Vigdísar Finnbogadóttur í sjónglerinu í stað venjulegrar kosningaskrifstofu-áróðurs. Ég vil hins vegar fá að blandast fordómalaus, hvað sé á bak við þessa sjónglerstöku. Þetta vekur að sjálfsögðu fyrir blaðamanni Vísis, sem leggur Vigdísi þessar spurningar, þar á meðal þessa: „Hefur þú haft afskipti af stjórnmálum?" (Vigdís svarar:

„Ég hef aldrei verið í neinum stjórnmálaflokki og er því ekki fróð um, hvaða rétt er komið málum. Mér finnst það vera orðið alltof algengt hjá okkur að setja fólk í einhverja viðteknu bása, en líka ekki á manneskjuna sem er hún er hér og nú."

Ritstjóri orðar, að Vigdís svari spurningu blaðamannsins ekki beint. En af svörinu má lesa ákveðinn draga þá ályktun, að Vigdís hafi lítil afskipti haft af stjórnmálum, á annan hátt verður svarið ekki skilið. Hvort þetta getur talist hreinskilið svar, nenni hvað þeim sem hyggst að afhenda embætti þjóðarinnar, er spurning

Þorsteinn Sæmundsson:

Frá Keflavík til Bessastaða

(Sjónleikur í sjö þáttum)

Ævintýri á gönguför

Í Þjóðviljanum 3. maí 1961 er sagt frá „Keflavíkurgöngu", sem farin var 7. maí. Það ár og 400 manns tóku þátt í að ganga hlaðnir Þjóðviljum fyrir alþjóð til sýnis, sem hér fylgir með sem tvímælalaust „Vigdísi Finnbogadóttir hafði fyrir verkum" til Keflavíkurgöngu fyrir hönd Samtaka hernámsandstæðinga og gjöf sýnir Páli Bergþórssyni orðið. Að ávarpi hans lokinu lýsti Vigdís gönguna hafna." Af þessu má sjá, að Vigdís hafi hafi farið um gönguna, en að hennar hafa ekki varðveist á síðum Þjóðviljans. Við getum því ekki sagt hvort hún hefur hakkað Páli Bergþórssyni fyrir ræðuna eða ávítað hann fyrir rafmagnsleysi, og er það skaði mest hlutgjöf af því sem situr greinir. En ræða Páls er varðveitt í heild sinni í Þjóðviljanum þar segir m.a.

„Það er sama Jónshúsandinn, sem knýr Guðmund Í. og Bjarna Ben til þess að hefja upp sinn harmagrát, þessar stundir er við erlendir

Skrifað stendur

Í frétt í Þjóðviljanum 3. desember 1971 segir svo: „Ólafi Jóhannessyni forsætisráðherra var á laugardag afhent askorun samtaka hernámsandstæðinga um brottför hersins. Askorunin var kynnt í Háskólabíó á 1. desember samkomu stúdenta. Margrét Guðnadóttir prófessor kynnti undirskriftasöfnunina og áskorunina, en framkvæmd þessa máls hafði farið fram á vegum Samtaka hernámsandstæðinga." Þjóðviljinn birtir síðu undirskriftenda. Þar á meðal er nafn Vigdísar Finnbogadóttur, sem enn lætur sé vera kveða í máli, sem skoðanabræður hennar hafa hallað pólitiskasta mál á landi.

Hinn 28. júní 1974 birtist í Þjóðviljanum svo ein yfirlýsing, sem Vigdís Finnbogadóttir leggur nafn sitt við. Undir fyrirsögninni „Hvað kostar þetta?" segir hópur manna, 152 talsins, að fergingsmennum undirskriftasöfnunar „Varins lands" fyrir það að hafa leitað til dómstóla vegna ráðhurðar og svívirðinga. Í yfirlýsingunni segir m.a.:

„Að sjálfsögðu skal það ekki dregið í efa, um annað sannast, að fergingsmenn Varins lands þurfi

Vigdís Finnbogadóttir hauð fólk er hend Samtaka hernám-andstæðinga orðið. Að ávarpi hans lokinu lýsti Þjóðv. Ari Kárason.)

dellumál?" Vegna þess hve fjótt fyrnist yfir einstök atriði í hugum þeirra, sem eiga ekki hlut að máli, ætla ég að leyfa mér að rifja upp nokkur af þeim ummælum, sem birtust á prenti um fergingsmenn Varins lands: Kanamellur, Bandaríkjaleiklur, amerískir Íslendingar, handlangarar ofurríkisgrjótjöfurs, silfurlitur aðlaður, rottulegir karakterar, afturhaldsmangarar, rakkar Nixons, Vatergrjótnesna, illvirnustu born Sjálfstæðisflokksins, hrútgeðvitarar, fífl, illræmdir braskarar, þjóðhilligsinnað hernámsmennar, ofurmannaríkjur, aðalsnýjungar, vallarmangarar, úrgangslýðurgar, menn sem geta ekki vakið annað en fyrirlitningu og ógeð hjá hverjum sæmilega siðuðum manni, ormétin örkenk afturhalds og fasisma sem í landinu er yfirhöfuð langt að drífa upp.

Jafnframt þessu var fullyrt, að fergingsmennum Varins lands hefðu aldrei orðið um sjálfselt, sem varðaði mundi við lög í nágrannalöndum, að þeir gengju erinda erlends stórveldis og þegju þó fyrir, að þeir væru að framkvæma verk sem skipulagt hefði verið af fagmönnum frá Watergate, eins og það var orðað, að ríkisyfirvöld hefði verið lasmað til erlendra aðila og íslenska stjórnmálaflokka og að kaskarir þessir væru ekki úr lausu lofti gripnar heldur væru til samnæmir sem

pínulítið fram og til að vera traustvekjandi í myndatökunni hafa margir þeirra lagt handleggina meðfram ístrukúlunni og námu hendurnar saman neðan við. Þetta virðist vera tilefni vísunnar:

Ef herinn fer þá fer vort eina traust,
þó finnst eitt ráð við því ef þú ert slunginn.
Ef landið okkar verður varnarlaust
er vörn í því að halda fast um punginn.

Ef litið er á þessa ritsmíð þína í heild þá kennir þar nokkurrar aðdáunar á stílsnilld Vigdísar, en jafnframt biturleika og innilokaðrar gremju í garð andófsmanna hernámsins sem er látið bitna á henni persónulega. Hvers vegna ættuð þið félagar Varins lands að vera reiðir? Þið sem hafið haft ykkar fram, herinn situr sem fastast, andófsmenn máttvana og margir þeirra dæmdir sem afbrotamenn!

Nei það erum við sem ættum að vera grön. Við sem vorum á Alþingishátíðinni 1930 og sáum síðustu bændurna ríða til þings. Við sem stóðum gegnblaut og nötrandi í suðaustan slagviðri á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar 1944, þegar landið hlaut sjálfstæði sitt og ráðherrann sagði okkur að sjálfstæðisbaráttan væri eilíf og að aldrei ætti að víkja. Við snerum heim glöð og bjartsýn og þurrkuðum föt okk-

Laugardaginn 12. apríl birtist í Morgunblaðinu grein eftir þig undir nafninu Frá Keflavík til Bessastaða, þar sem ráðist er að einum frambjóðandanum til forsetaembættisins, Vigdísi Finnbogadóttur. Sagt hefur verið að gert hafi verið óformlegt samkomulag milli blaða og stjórnmálamanna við undanfarnar forsetakosningar um að gæta hlutleysis gagnvart frambjóðendum og reyna að halda kosningabaráttunni á hærra sviði en í kosningabaráttu í pólitískum kosningum. Hefur þetta verið haldið með örfáum undantekningum og er það vel. Með grein þinni er farið út á aðra braut og enginn getur sagt hvað getur fylgt á eftir, það geta einhverjir aðrir runnið slóðina og farið að rannsaka atferli hinna frambjóðendanna síðustu áratugina og eflaust geta þeir fundið sitthvað, sem þeir geta útlagt eftir sínum geðþótta. Þessi kveðja var eina opinbera kveðjan sem Vigdís fékk fyrir fimmtugsafmælið og boðaðar eru sex aðrar, svo mikið liggur við.

Fólkið í landinu hefur mismunandi skoðanir í stjórnmálum, eins og allir vita. Eftir kosningar hefur ætíð verið hægt að brúa bilið milli hinna einstöku sjónarmiða. Í þjóðfrelsismálunum gegnir öðru máli, þar skiptist þjóðin í tvo líklega jafnstóra hluta, en þá hefur ekki fram að þessu tekist að sætta, því miður. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa það á stefnuskrá sinni að herliðið á Miðnesheiði eigi að hverfa af landi brott, en menn greinir á hvenær sú stóra stund eigi að renna upp.

Þjóðin gengur að kjörborðinu og velur sér forseta eftir sinni bestu samvisku og að kosningu lokinni stendur hún einhuga um hann, hver sem hnossið hlýtur, hann á að vera sameiningartákn, hafinn yfir allt dægurþras. Þeir inni að sama tilefni og leggur þau orð Vigdísi í munn.

Þá er minnst á ávörp frá árunum 1967, '73 og '74 þar sem nafn Vigdísar er undir ásamt tugum og jafnvel hundruðum þekktra manna, þar sem hvatt er til varðveislu algers sjálfstæðis landsins, varað við þeirri hættu sem þjóðmenningu Íslendinga er búin af langdvöl erlends herliðs í landinu og vafasömum áhrifum erlendum, fjárhagslegum, pólitískum og menningarlegum. Öll þessi ósköp eru skrifuð á reikning Vigdísar, en hvað um alla hina og hvaða fólk var þetta sem skrifaði undir? Þetta voru með fáum undantekningum þeir menn og konur sem eru í framvarðarsveit íslenskrar þjóðmenningar, lista og vísinda. Þetta fólk er úr öllum stjórnmálaflokkum, þó að sjálfsögðu láti hæsti í þeim hóp sem engra hagsmuna hafa að gæta. Mér finnst ekki vera hægt að álasa Vigdísi fyrir að elska land sitt og þjóð meira en flestir aðrir.

Þá eru í greininni talin upp miður viðkunnanleg orð sem notuð hafa verið um félaga Varins lands, orð sem hinir og þessir hafa viðhaft, en má á engan hátt eigna Vigdísi. Hvað segðir þú sjálfur, ef þú værir í einhverjum fjölmennum félagssamtökum og þyrftir að svara fyrir hvað hinum og þessum í samtökunum dettur í hug að láta frá sér fara. Það er gott að vera mikill áróðursmeistari, en það getur líka gengið of langt.

Þá er ég þér þakklátur fyrir að birta kafla úr erindi sem frambjóðandinn hélt í útvarpið árið 1974 um daginn og veginn. Það furðulega við þetta er að erindið hefur aldrei birst á prenti og lifði aðeins þau augnablik í huga hlustandans meðan það var flutt. Sýnir það aðeins hve mikla alúð þú hefur lagt í þessa samantekt þína, jafnframt er augljóst hve gagnlegar segulbandsspólur geta verið.

Ég ætla að leyfa mér að taka upp þennan kafla úr grein þinni óbreyttan til að sýna lesandanum hvílíkur snillingur Vigdís er í að setja fram hugsanir sínar:

„Skortur á háttvísi er ekkert annað en að sjá ekki út fyrir eigin barm, tillitsleysi við náungann, skortur á skilningi, skortur á virðingu fyrir honum sem manneskju með tilfinningu og sómavitund eins og maður sjálfur. Mér er það hulin ráðgáta hvernig stjórnmálamenn og ábyrgir menn á Íslandi fara að því að sofa heilbrigðum svefni. Þeir mega vera í meira lagi harðir af sér til þess. Eða mér er spurn: Sér ekki hver sjálfan sig, þegar búið er að segja manni að maður sé óhæfur til verka og vilji landi sínu allt til óheilla, hvort sem það er til hægri eða vinstri . . ."

„Þeir sem hafa tekið að sér ábyrgðarstöður í þjóðfélaginu eru stöðugt undir smásjá, sem vera ber. En þeir sem finna hjá sér köllun til að gera athugasemdir við starfshætti þeirra, gera það alltof sjaldan af þeim virðuleik sem sæmir þeim sem að finnur. Oftar en ella segir það meira um hugarfar, tilfinningar og skoðanir gagnrýndandans en þess sem verið er að gagnrýna . . ."

„Því miður eru alltof mörg eyru, sem það kitlar að heyra misjafnt um náungann, enda ótrúlegt að menn leggi á sig slíka iðju nema von sé um einhvern árangur . . ."

„Gagnrýni okkar innbyrðis á hvert annað væri okkur öllum til meiri sóma ef hún væri háttvísari og jákvæðari, vekti fleiri spurnir, efldi forvitni og hvetti menn til að kynna sér málin af eigin rammleik í stað þess að hamra á slagorðum og höfða endalaust til trúgirni manna. Ég er nefnilega sannfærð um, að það sé hið jákvæða, sem eflir okkur til dáða, og hið neikvæða sem brýtur okkur niður. Og af því að málið er mér skylt sem leikhúsmanneskju get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að framangreindar athugasemdir mínar um óbilgjarna gagnrýni og særandi ummæli um menn á jafnt við á öðrum vettvangi en í stjórnmálaheiminum . . ."

Að lokum er Vigdís ásökuð sem leikhússtjóri fyrir að taka árið 1974 leikrit til sýningar, Æskuvini eftir Svövu Jakobsdóttur, en þar telur þú, líklega með réttu, vera sneitt að félögum Varins lands. Nú veit ég ekki betur en að í öllum leikhúsum ráði sérstök leikritanefnd vali verkefnanna. En sé leikrit listaverk, á þá að hafna því á þeim forsendum að hoggið sé nærri einhverjum? Ef svo er þá viðgengst ritskoðun hér á landi og full þörf á að stofna málfrelsissjóð, til að fullnægja ákvæðum sjálfrar stjórnarskrár landsins.

Jæja, þetta er orðinn heldur leiðinlegur sparðatíningur, en að lokum minnist höfundur á vísu sem „Þórarinn nokkur Eldjárn" orti um mynd af forgöngumönnum Varins lands, en Þórarinn er eitt ástsælasta skáld yngri kynslóðarinnar. Þessi vísa er ort í samvinnu við Kristinn Einarsson og kunnur bókmenntafræðingur hefur farið lofsamlegum orðum um hana. En úr því að höfundur greinarinnar minnist á hana ætla ég að láta hana fljóta með. Myndin mun hafa verið tekin í tilefni þess að undirskriftasöfnun Varins lands fór af stað. Hefur þá upphafsmönnunum verið hóað saman til myndatöku. Þetta voru virðulegir menn, doktorar, prófessorar, framkvæmdastjórar o.s.frv., allt góðir og gegnir menn á besta aldri. En hvað um það, þegar lifað er í vellystingum vill bera á því að maginn þenjist ar. En fimm árum síðar dundi ólánið yfir og dómstólarnir tóku til starfa.

Nú skal það viðurkennt að þegar tveir deila hafa báðir nokkuð til síns máls. Deilumál líðandi stundar eru oft viðkvæm, menn sjá stundum ekki lengra en af bæjarhólnum sínum. En besti dómarinn er Íslandssagan sjálf. Ef við rennum yfir atburðarásina hérlendis getum við skipt baráttumönnum liðins tíma í tvo hópa, baráttumenn óskoraðs sjálfstæðis, sem litu hvorki til hægri né vinstri og stefndu beint á markið og svo þá sem völdu samningaleiðina svokölluðu, hugsuðu um hagsældina og arðsemina, vildu ófúsir styggja hið erlenda vald. Þetta voru vænir menn eins og þið, þeir vildu landi sínu eins vel og hinir. Á þeim tíma var hið hreina sjálfstæði þjóðarinnar enn stærri hugsjón en nú vegna aums ástands hér á landi. Þjóðin spurði ekki um pólitískar skoðanir manna, trúarbrögð eða hagræn sjónarmið þegar hún kvað upp sinn dóm, heldur hverjir voru hinir hjartahreinu baráttumenn.

Því blessar hún í dag nafn Einars þveræings, Jóns Arasonar, Baldvins Einarssonar sem fyrstur hóf merkið, Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar sem aldrei vildi víkja. Nöfn hinna eru í skugganum.

Þess vegna er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar hátíðisdagur Íslendinga.

Ég veit að þú, Þorsteinn Sæmundsson ferð í sparifötin 17. júní og gengur fagnandi um strætin meðal fólksins, en spurningin sem ég vildi leggja fyrir þig í dag og sérstaklega á hátíðisdaginn er þessi:

Hvaða álit heldurðu að Jón Sigurðsson hefði haft — ef hann væri lifandi núna — á atferli og málflutningi ykkar Varins lands manna?

Berlinguer í Kína

Peking, 17. apríl. AP.

DENG Xiaoping varaforsætisráðherra Kína ræddi í dag við ítalska fréttamenn í Peking í tilefni heimsóknar ítalska kommúnistaleiðtogans Enricos Berlinguers. Sagði hann þar meðal annars að ítalski kommúnistaflokkurinn stuðlaði að jafnvægi og öryggi í heiminum. Deng sagði að kommúnistaflokkar Kína og Ítalíu litu sínum augum hvor á sum mál, en ágreiningsmálin væru nú færri en áður, og „betra að vera ekkert að ræða þau." Hann sagði að í vandamálum heimsins í dag stefndu báðir flokkarnir sameiginlega að friði, jafnvægi og öryggi.

Aðspurður um ágreining Kína og Sovétríkjanna sagði Deng að um annað og meira væri að ræða en einfaldan ágreining þegar Sovétríkin hefðu milljón manna herlið á landamærum Kína, og aðgerðir Sovétríkjanna í Víetnam, Laos og Afganistan væru „alvarleg ógnun" við öryggi Kína. Aðspurður hvort ný heimsstyrjöld væri óumflýjanleg, svaraði hann að til styrjaldar hlyti að koma fyrr eða síðar, en ef til vill væri unnt að komast hjá styrjöld nokkuð lengi. Færi það eftir þessum nýbyrjaða áratug, sem væri hættutími.